

Bestu venjur



Afhending er á .mov or .mp4 formi til keyrslu á hugbúnaði og kerfum viðskiptavinar. Viðskiptavinir eru í sjálfvald sett hvernig hann dreifir fræðslulausnum AwareGO, einungis er krafa um að óviðkomandi aðilar hafi ekki aðgang að þeim.



Fræðslumyndböndin eru stutt og grípandi með minnisstæðum skilaboðum og er því best að birta einungis eitt efni í einu, annars gæti fræðslan misst marks.

Dæmi um dreifileiðir



Kennslukerfi

Kennsluhugbúnaður (Learning Management System - LMS)

Fjölmörg fyrirtæki og stofnanir hafa kennsluhugbúnað sem fræðslumyndböndin ættu að geta verið dreift í gegn, kostir þess er að geta fylgst með hverjir eru búnir að fara í gegn um hvaða kennslu, ókosturinn er að þessi hugbúnaður er oft mjög dýr.



Innranet

Innranet t.d. Sharepoint, Facebook Workplace ofl.

Ef fræðslan er birt á innri vef er best að hafa hana á áberandi stað t.d. myndband vikunnar við hliðina á matseðli dagsins og eina sem starfsmenn þurfa að gera er að smella á "spila". Hægt er að fylgjast með notkun á mörgum slíkum, annað hvort beint eða með viðbótar hugbúnaði.



Fréttabréf

Fréttabréfahugbúnaður, s.s. Mailchimp

Þar sem ekki er kennsluhugbúnaður eða innranet er hægt að notast við þjónustur eins og Mailchimp. Þá er hægt að senda út fræðslupósta með myndbandi til starfsmanna og fylgjast með hverjir eru að opna póstana og smella á tengla. Hægt er að senda allt að 12.000 tölvupósta á mánuði án endurgjalds.



Myndbandavefir

Mynddreifingahugbúnaður

Mynddreifingarhugbúnaður eins og Vimeo er góður kostur til að dreifa myndböndum, kostnaður til að geta haft einkasvæði sem aðrir hafa ekki aðgang að er um 84\$ á ári. Ókosturinn er að ekki er hægt að sjá hverjir eru búnir að sjá hvaða kennslu en þó er hægt að sjá hversu margir hafa horft.